

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/707
komudagur 5.1.2007

Austurvegur 64
800 Selfoss
Sími: 530 4800
Fax: 530 4801



Alþingi
Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfoss, 28. desember 2006
Tilvísun: Lbs06120044/20.3

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, gjaldtökuákvæði / Þskj. 411 - 377. mál.

Landbúnaðarstofnun er hlynt fyrirleggjandi frumvarpi um breytingar á lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, þskj. 411 - 377. mál. Breytingunum er vel lýst í greinargerð og tekur stofnunin undir þær athugasemdir sem þar koma fram. Núgildandi lagaákvæði um gjaldtöku í formi lögákvæðinnar krónutölu vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum er óhentugt sökum þess að umfang og kostnaður við eftirlit með sláturafurðum getur sveiflast eftir áhættumati og aðstæðum á hverjum tíma.

Kostnaður vegna sértæks eftirlits, þ.e. kostnaður sem er tilkominn vegna slæmrar sjúkdóma stöðu hjá hlutaðeigandi framleiðanda, hefur fram að þessu verið greiddur af öllum framleiðendum. Með frumvarpinu verður hægt að beina kostnaði, vegna þessa sértæka eftirlits, til hlutaðeigandi framleiðanda og er það mat stofnunarinnar að slíkt verði til að framleiðendur leggi enn meiri áherslu á forvarnir gegn sjúkdómum.

Varðandi c. lið, 1. mgr. 1. gr. er rétt að halda því til haga að þar er átt við nauðsynlega fræðslu til að dýralæknar og aðstoðarfólk þeirra geti kynnt sér nýjar og sérhæfðar reglur og til að þjálfar fólk til ákveðinna starfa í sláturhúsum.

Þá tekur stofnunin undir þau sjónarmið að þessar breytingar séu nauðsynlegar þegar litið er til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru við innleiðingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja að uppfylltar séu kröfur laga um fôður og matvæli og um reglur varðandi dýraheilbrigði og dýravernd.

Að þessu sögðu gerir Landbúnaðarstofnun eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1) b. liður, 2. mgr. 1. gr.

Til að fyrirbyggja misskilning um til hvaða kostnaðar eftirlitsgjaldið nái til, telur stofnunin rétt að þess sé getið í upptalningu liða við 2. mgr., 1. gr. að framleiðendur skuli til viðbótar kostnaði við rannsóknir á sýnum greiða allan kostnað sem komi til vegna sýnatökunar sjálfrar. Þessi athugasemd er gerð vegna ákvæða í fyrrnefndri löggjöf Evrópusambandsins, en þar er

gerður greinarmunur á kostnaði sem er tilkominn vegna tōku sýna (sampling cost) og kostnaði sem verður vegna rannsókna þeirra (laboratory analysis cost). Þá telur stofnunin nauðsynlegt að breyta orðalagi í ákvæðinu, þannig að það nái bæði yfir mælingar á lyfjaleifum og aðskotaefnum og rannsóknir á örverum og vatni, en í frumvarpinu kemur fram að það nái til mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum eða rannsókna á örverum og vatni.


Stofnunin leggur því til að nýjum lið verði bætt við upptalningu á þáttum heilbrigðiseftirlitsins og myndi nýr b. liður hljóða þannig: "Kostnaði við reglulega sýnatōku í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra."

B. liður, 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins yrði c. liður og yrði svohljóðandi: "Rannsóknir á reglubundnum sýnum, svo sem mælingar á lyfjaleifum og aðskotaefnum og rannsóknir á örverum og vatni."

Aðrir liðir færast til í samræmi við framangreint.

2) Í athugasemdum með frumvarpinu og í fylgiskjali fjármálaráðuneytisins er rangt tilgreint hver fer með vörslu eftirlitssjóðs sem ætlað er að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum. Í athugasemdunum og fylgiskjali ráðuneytisins segir að gert sé ráð fyrir því að sérstakur sjóður í vörslu **landbúnaðarráðherra** verði lagður niður. Hið rétta er að umræddur eftirlitssjóður er í dag í vörslu **Landbúnaðarstofnunar**, sbr. 15. gr. laga nr. 76/2005 um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

F.h Landbúnaðarstofnunar


Viktor S. Pálsson,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

